

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. desember 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-73/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. október sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á smíðavið svokölluðum MDF plötum, sem hún keypti hjá fyrirtækinu Y. Krefst álitsbeiðandi skaðabóta úr hendi fyrirtækisins að fjárhæð kr. 2.060.329.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 3. nóvember sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og bárust þau frá lögmanni fyrirtækisins 17. nóvember. Nefndin ritaði álitsbeiðanda bréf, dags. 20. október, og gaf henni kost á að gera athugasemdir við andsvörin sem bárust 3. desember. Með bréfi, dags. 4. desember sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt gögnum málsins lét álitsbeiðandi kaupa 20 MDF plötur hjá Y 10. október 2007. Voru plöturnar sagaðar niður í því skyni að smíða úr þeim skápa í svefnherbergi í húsi föður álitsbeiðanda þar sem álitsbeiðandi býr ásamt fjölskyldu sinni. Samkvæmt yfirlýsingu föður álitsbeiðanda frá 1. desember sl. eru kröfur þær sem koma fram í álitsbeiðni gerðar fyrir hans hönd. Álitsbeiðandi segir að plöturnar hafi verið sagaðar í u.þ.b. 500 stykki og hafi efni verið mjög illa lyktandi þegar það kom í hús. Fram kemur á reikningi Y að plöturnar hafi kostað kr. 83.774 en sögunin kr. 37.201. Aðrar kröfur álitsbeiðanda, þ.e. kr. 1.939.354, eru vegna afleidds tjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir vegna þessara kaupa.

Álitsbeiðandi segir að allar plöturnar hafa verið lakkaðar janúar 2008 og síðan hafi skáparnir verið smíðaðir í svefnherbergi og smíðin tekið vikutíma. Eftir að smíðinni lauk hafi skáparnir verið lakkaðir vegna þess að megn lykt hafi verið af þeim. Eftir nokkra daga hafi herbergið verið tekið í notkun engu að síður. Hafi þau hjónin ekki getað sofnað þar nema í tvær nætur vegna höfuðverks og óþæginda í öndunarfærum. Það sem í skápana hafi verið sett hafi verið ónothæft. Skáparnir hafi aftur verið lakkaðir þar sem lyktin hafi virst mest en hún ekki horfið við það.

Álitsbeiðandi segist hafa látið seljanda vita af þessu vandamáli í mars og farið fram á að sér yrði bætt tjónið. Menn frá honum hafi komið tvisvar sinnum. Þeir hefðu ekkert athugavert fundið við lyktina, sem helst líktist fúkkalykt, þrátt fyrir að aðrir hafi fundið hana vel. Seljandi hafi ekkert viljað gera í málinu. Í framhaldi af því kveðst álitsbeiðandi hafa leitað til fjölmargra sérfræðinga um ráðgjöf og aðstoð m.a. A hjá eiturefnadeild Háskóla Íslands og B líffræðings sem sérhæfi sig í myglu- og

rakaskemmdum í húsum. B hafi staðfest að hún fyndi sterka og óþægilega lykt. Þá hafi hún fundið fyrir ofnæmisviðbrögðum en hún sé með ofnæmi fyrir myglusveppum. Álitsbeiðandi segir að samkvæmt ráðleggingum B hafi verið tekið sýni úr viðnum og send á rannsóknarstofu í Bandaríkjunum. Þetta hafi verið gert í apríl. Í maí hafi niðurstöður komið frá rannsóknarstofunni sem sýndu að pensilínsveppur væri utan á viðnum en í lokaniðurstöðum sem borist hafi 5. maí komi fram að ekki væri hægt að sanna með rannsóknunum að sveppurinn kæmi innan úr viðnum.

Álitsbeiðninni fylgdi minnisblað frá fyrirtækinu C ritað af B, B.Sc í líffræði og kemur þar fram að hún sé „Certified Mold Inspector.“ Minnisblaðið er um húseignina og þar er svohljóðandi kafli sem ber yfirskriftina umfjöllun:

„Svefnherbergi á efri hæð er skoðað og hvergi eru sjáanleg merki þann 17.03.2008 með sjónrænni skoðun um myglu eða raka sem gæti hugsanlega orsakað þá lykt sem er í herberginu. Samkvæmt upplýsingum íbúa þá hefur nýlega verið settur upp skápur í herberginu og að sögn þeirra var ekki óþægileg lykt í herberginu áður en skápurinn kom og fjölskyldan svaf áður í þessu herbergi.

Þegar komið er inn í svefnherbergi má merkja aðra lykt en annars staðar í íbúð. Starfsmaður biður um að fá bút úr skápaefni sem sýni. Það er undarleg lykt af sýninu. Sýnið er bleytt og sett í lokaðan plastpoka. Eftir 36 klst. er komin sjáanleg mygla utan á sýnið. Sýnið er sent til USA á rannsóknarstofu EMLab. Einnig er sýni sent sem hefur ekki verið bleytt.

Niðurstaðan sýnir að á bútnum sem hefur verið bleyttur vex myglusveppur af tegund Penicillium 4+, þar sem 4+ merkir að mygla sé í vexti með undirliggjandi sveppaþráðum á 75-100% á því svæði sem er skoðað. Engin merki eru um myglu í vexti á bútnum sem hefur ekki blotnað.

Það hefur komið fyrir að timbur sem er notað við framleiðslu efnis eins og MDF hafi fyrir framleiðslu verið sýkt af myglu og öðrum örverum sem geta gefið frá sér eiturefnasameindir sem gefa frá sér óþægilega lykt.

Lyktin sem er af byggingarefni sem er í skápum er óþægileg en erfitt að fullyrða um það af hverju hún stafar. Þessi lykt getur þó tæplega talist eðlilegt lykt af byggingarefni í íbúðarhúsnæði sé tekið mið af því að samskonar efni er notað á öðrum svæðum í húsnæði og að sögn íbúa koma fram heilsufarsleg einkenni við viðveru aðeins í því herbergi þar sem þessi skápur er staðsettur.

C telur eðlilegt að fyrir liggja nákvæm lýsing á efnisinnihaldi og samsetningu á efnunum sem eru í þeim MDF plötum sem hafa verið notaðar við samsetningu á skápum í húsinu.

Þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir til þess að hægt sé að skoða hvaða efni þar eru sem valda þessari lykt sem veldur íbúum óþægindum.

Einnig er hugsanlegt að lyktin stafi af óeðlilega miklu magni eiturs- og/eða leysiefna í þessum tilteknu MDF plötum.

Þar sem formaldehyð er notað í framleiðslu á MDF þarf að liggja fyrir nákvæmlega það magn sem er í þessum plötum eða það magn sem kemur fram við útgufun efnisins og miða það magn við ströngustu kröfur og staðla sem fyrir liggja um byggingarefni í svefnherbergjum. Miðað við upplýsingar frá X eiganda húsnæðis þá hefur magn formaldehyðs verið mælt í sýni af timbri og virðist það vera innan eðlilegra marka.

Þann 15.10.2008 er aftur farið í húsið til þess að skoða aðstæður. Þá hefur verið límt fyrir skápa og fjarlæggt allt sem hægt er að fjarlægja af skápum, allt sem er laust en ekki veggfast. Við þessa skoðun má greina öðru vísi lykt í herbergi en annars staðar í íbúð. Plastið er opnað og athugað hvort að lykt sé innan við plastið í skápnum. Það er greinileg lykt innan í skápnum þar sem er opnað. Þessi lykt virðist ekki vera minni en við skoðun þann 17.03.2008.

Byggingarefni eru rakamæld við skoðun til þess að athuga hvort óeðlilegur raki sé til staðar. Hvergi mælist raki yfir 20% með protimeter mæli, hvorki í skápnum sjálfum né aðliggjandi byggingarefnum, gólfi eða veggjum.

Tilgátur um ástæður:

1. Efni (MDF) hefur verið framleitt úr timbri sem hefur verið sýkt af myglu og öðrum eitrefnamyndandi örverum.
 - 1.a Efnið hefur ef til vill blotnað eða rakastig náð því marki að örverur ná að vaxa upp á einhverjum stöðum í byggingarefni. Til þess að sannreyna þetta þarf að skoða allan skápinn og taka sýni úr byggingarefnum.
 - 1.b Örverur og mygla sem eru hugsanlega í efninu gefa frá sér efnasameindir sem framkallar lykt og óþægindi. Í hverju grói frá myglusveppum geta verið milljónir sameinda mycotoxína (lífrænna eitrefna). Myglusveppir í vexti gefa frá sér mVOC sameindir sem valda oft þeirri lykt sem við nemum og gjarnan fylgir raka innandyra.
2. Bæði tilgáta 1. og 2.
3. Aðrar ástæður eins og til dæmis magn leysiefna og/eða efnasamsetning þessara MDF platna.“

Í álitsbeiðni segir að eftir að niðurstöður bandarísku rannsóknarinnar hafi borist hafi verið reynt að loka óþefinn inni með því að taka skápana í sundur, kítta öll samskeyti og lakka skápana tvisvar sinnum með olíulakki og lofthreinsa með öfluglu lofthreinsitæki. Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið að flytja úr húsinu í tvær vikur þar sem mikil lykt hafi verið af olíulakkinu. Allt hafi komið fyrir ekki en eftir 4-5 vikur sem þessar aðgerðir hafi tekið og lakkið orðið þurr hafi lyktin enn verið til staðar.

Álitsbeiðandi segist hafa að þessu loknu haft samband við seljanda í júní og hafi hann samþykkt að láta gera frekari rannsóknir en viljað fá til þess mann að eigin vali. Seljandi hafi valið D sem samkvæmt upplýsingum á netinu er trétæknir og annast trétækniráðgjöf. Samkvæmt heimasíðu E er hann gæða- og fasteignastjóri E með sérþekkingu á við. Ekki kemur skýrt fram hvort hann vann þetta verkefni á eigin vegum eða vegum E.

Álitsbeiðninni fylgdi lýsing D á því verkefni honum var falið og er hún dagsett 8. september sl. D kveðst hafa farið í húsið og skoðað aðstæður, plöturnar og skápana sem smíðaðir hafi verið úr þeim. Hann kveðst á engan hátt hafa getað lagt mat á það hvort lykt legði frá plötunum eða hvort skaðleg sýking væri til staðar. Samkomulag hafi orðið á milli hans og húseigenda um að sýni yrðu send í rannsókn til viðurkenndrar rannsóknarstofu á sviði mengunar í því skyni að meta innihald í MDF plötunum. Þá hafi einnig orðið samkomulag um að húseigendur veldu þrjú sýni og hafi þau verið merkt A, B og C en hann eitt, merkt D. Sýnin hafi verið send til IVL Svenska Miljöinstitutet og óskað eftir því að þau yrðu rannsökuð. Beiðnin, sem er dagsett 2. júlí 2008, hljóðar á þessa leið:

„Test samples are four MDF boards marked A, B, C and D. Three of these samples are lacquered, but we are not testing the lacquer, it is the content in the MDF boards we want you to test. Compare the four MDF boards and decide if similarity is sufficient. If they are not, what is the difference? We need to know if these are different from classic MDF boards. Is there anything on or in these MDF boards that should not be there?“

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar fundust örfá tilfelli af gróum og mýslum á sýni B en ekki öðrum og er lýsing rannsóknarstofnunarinnar svohljóðandi í þýðingu D:

„Gró, myglusveppir og jafnvel mýsli finnast utan á en örsveppir mynda ekki neina heild. Áður fyrr hafa verið kjöraðstæður fyrir örsveppina á sýnatökustað en umhverfið er nú of þurr til að þeir nái útbreiðslu. Það bendir til gamallar skemmdar eða smits.“

Í skýrslu D kemur fram að sérstaklega hafi verið beðið um að rannsakað yrði hve mikið formaldehyð flæddi úr plötunum Fylgja niðurstöður þeirrar rannsóknar skýrslu D og segir hann að samkvæmt þeim sé ekki að finna neinar athugasemdir. Niðurstaðan í skýrslu D er svohljóðandi:

„Niðurstöður þessara prófana sýna það að ekkert er athugavert við þessar plötur. Það sem kemur fram um sýni B er þess eðlis að vera lítið og hefur alveg eins geta borist úr húsinu á plötunum, eins og það hafi komið með þeim. Húsið er gamalt timburhús og því líkur á að Örfá tilfelli af gróum og mýslum fyrirfinnist í því sem auðveldlega getur borist á efnið. Þessi gró fyrirfinnst í öllu venjulegu umhverfi mannvirkja.“

Álitsbeiðandi segist ekki hafa fengið að sjá skýrsluna hjá D en hafa verið boðuð á fund seljanda þegar hún lá fyrir og hafi seljandi fullyrt að skýrslan sýndi ekkert óeðlilegt miðað við evrópska staðla. Álitsbeiðandi kveðst hafa miklar efasemdir um að rannsóknirnar hafi verið fullnægjandi. D hafi sagt að frekari prófanir væri hægt að gera en þær væru kostnaðarsamar. Þar á meðal sé rannsókn „volatile organics“ sem sveppasérfræðingur, F, segi að sé mikilvæg rannsókn í þessu ferli.

A hjá eiturefnadeild Háskóla Íslands segi að rannsóknin sé ekki fullnægjandi þar sem hún nái aðeins til sveppa og formaldehyðs. Álitsbeiðninni fylgdi yfirlýsing frá A þar sem segir m.a. svo:

„X hafði aftur samband við mig um miðjan september og bað mig um að skoða sænska rannsóknarskýrslu um viðinn. Í skýrslunni var fjallað um greiningu á sveppagróum og formaldehyði í fjórum sýnum af við. Í einu sýnanna fundust sveppagró, en formaldehyð var undir greiningarmörkum eða þeim mörkum sem sett voru í öllum sýnum. Ekki virtist hafa verið leitað að neinum öðrum lífrænum efnum, sem gætu skýrt lyktarmuninn, og ekki varð séð af skýrslunni að annar samanburður á lífrænum efnum í sýnunum hefði verið gerður. X hafði meðferðist tvö sýnishorn af MDF við, sem ég þefaði af. Annað var lyktarlítið en af hinu var þung lykt, sem mér fannst vera lík fúkkalykt. Það álit er þó ekki byggt á neinni sérþekkingu á fúkka.“

Álitsbeiðandi lagði fram skýrslu G sem undirrituð er 23. september 2008 af H, löggiltum húsasmíðameistara og skoðunarmanni fasteigna. Er í upphafi tekið fram að öll skoðun hans sé sjónskoðun. Tekið er fram að hluti skápanna hafi verið fjarlægður og það sem eftir sé af þeim sé pakkað í plast. Í skýrslunni segir m.a. eftirfarandi:

„MDF plötur af þessari gerð eru vandmeðfarnar og þarf að hylja þær (lakka) vel vegna þess að það kemur lykt af þeim sem vill fara í umhverfið til dæmis föt.

Seljendur efnisins ættu að upplýsa fólk vel um þetta efni og hvar best er að nota það. Eins hvaða meðhöndlun það á að fá.

...

Skoðunarmaður telur að þetta efni sé ónothæft vegna þess sterka þefs sem kemur frá skápunum. Hversvegna ætlar undirritaður ekki að svara.

...

Skoðunarmaður skoðaði umrædda skápa og fann sterka lykt af efnisvið skápanna. Búið var að lakka skápana. Mjög sterk súr lykt var af efninu sem stakk skoðunarmann í nefið og hafði hann ónot í um 3 tíma á eftir. Efni skápanna er MDF plötur sem er verksmiðjuframleidd vara og mikil efnafræði þar á bak við. Skoðunarmaður fer ekki út í að greina efnis eða orsök þessarar súru lyktar heldur bara að lýsa aðstæðum.

...

Þess ber að geta að á fyrstu hæð hússins að voru nýir fataskápar úr MDF plötum og var ekki þessi sterka súra lykt af þeim. Voru þeir ólákkaðir.“

Álitsbeiðandi segir að svefnherbergið hafi ekki verið nothæft í 10 mánuði. Fram kemur í álitsbeiðninni að skáparnir hafi verið fjarlægðir að mestu og verði lokið við það næstu daga.

Í rökstuðningi fyrir skaðabótakröfum álitsbeiðanda kemur fram að hún telur að óþarft sé að gera frekari rannsóknir þar sem lyktin ein ætti að vera nægjanlegt sönnunargagn fyrir því að um gallaða vöru sé að ræða. Jafnvel þótt allar rannsóknarniðurstöður yrðu neikvæðar myndi það engu breyta þar sem ekki sé hægt að búa við lyktina. Þá kemur fram í sama skjali að í húsinu séu aðrir skápar svo og borð smíðaðir úr MDF plötum og aldrei hafi fundist nein lykt af þeim.

V

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum lögmanns seljanda er því haldið fram að engin þeirra skýrslna sem álitsbeiðandi hafi lagt fram sýni galla á smíðaefninu sem seljandi beri ábyrgð á.

Í skýrslu EMLab P&K komi fram að engin sýking hafi verið í þurra sýninu sem rannsakað hafi verið en sýking hafi verið í því sýni sem hafi verið bleytt. Hins vegar hafi ekki verið talið að sveppurinn kæmi innan úr viðnum líkt og álitsbeiðandi bendi sjálf á. Samkvæmt þessu hafi sveppurinn verið utanaðkomandi og verði ekki rakinn til MDF platanna.

Þá kemur fram í andsvörunum að skáparnir hafi verið byggðir undir súð í nýrri viðbyggingu við meira en 100 ára gamalt hús og þekkt séu vandræði vegna raka og leka í gömlum húsum. Í viðtali við B í Morgunblaðinu 9. ágúst sl. komi fram að raki sé kjöraðstæður fyrir myglusvepp sem einnig sé nokkuð algengur í nýlegum húsum. Í viðtalinu komi einnig fram að sumar tegundir myglusveppa geti undir vissum kringumstæðum framleitt lífræn eiturefni sem geti borist í lofti og valdið eitrunaráhrifum og ofnæmiseinkennum. Einkenni geti verið m.a. mígreniköst og óþægindi í öndunarfærum, en þeim einkennum hafi álitsbeiðandi lýst. Lögmaðurinn telur ljóst af þessari lýsingu B og rannsókn EMLab P&K að öll rök hnígi að því að um sé að ræða myglusvepp sem tengist húsnæðinu sjálfu en ekki MDF plötunum. Í skýrslu B komi einnig fram að lyktin sé óeðlileg þegar mið sé tekið af því að sams konar efni sé notað annars staðar í húsinu, en heilsufarsleg einkenni komi að sögn íbúa aðeins fram í svefnherberginu. Það styðji að meintan ódaun sé frekar að rekja til húsnæðisins en platanna.

Í skýrslu G frá 23. september sl. komi fram að sterk lykt sé af skápunum en matsmaðurinn vilji ekki svara því af hverju hún stafi. Því komi ekkert fram í skýrslunni

sem bendi til þess að lyktin stafi af galla í plötunum. Bent sé á að skápar á fyrstu hæð hússins séu ólakkaðir. Álitsbeiðandi hafi lakkað skápana í svefnherberginu alls fimm sinnum að eigin sögn þar af tvisvar með þykku olíulakki. Þekkt sé að sterk lykt sé af lakki sem geti valdið fólki vanlíðan og höfuðverkjum. Þá sé hugsanlegt að lyktin stafað af galla í lakkinu eða of miklu magni þess.

Aðeins hafi verið óþefur af öðru sýnanna sem A hafi skoðað sem líkst hafi fúkkalykt, en það hafi verið tekið úr umræddum skápum. Hitt sýnið sem hafi verið lyktarlítið hafi verið tekið annars staðar í húsinu. Þetta styðji að um sé að ræða myglusvepp sem bundinn sé við nýju viðbygginguna.

Lögmaðurinn segir rétt að benda á að framangreindar skýrslur séu allar unnar mörgum mánuðum eftir að plöturnar hafi verið keyptar og afhentar sem hafi verið í október 2007. Fyrsta heimsókn B hafi verið í mars eða 5 mánuðum síðar. Síðari heimsókn hennar hafi verið ári eftir kaupin. Matsmaður frá G og A hafi einnig skoðað efnið ári eftir kaupin. Plöturnar hafi þannig verið í höndum álitsbeiðanda í fleiri mánuði eftir að kaupin fóru fram áður en þær voru skoðaðar. Engar skýringar hafi verið gefnar á því hvar eða við hverjar aðstæður plöturnar voru geymdar frá því að þær voru keyptar og þar smíðaðir voru skápar úr þeim. Þá beri að athuga að seljanda hafi ekki verið boðið að koma að ofangreindum rannsóknum og geti hann því ekki staðreynt að þær hafi verið unnar á hlutlægan hátt. Rétt sé að geta þess að enginn þeirra sérfræðinga sem álitsbeiðandi leitaði til hafi sérstaka þekkingu á MDF plötum eða hvernig lykt af þeim sé.

Álitsbeiðandi hafi ekki haft samband við seljanda fyrr en í mars 2008 eða fimm mánuðum eftir kaup og afhendingu. Smiður frá seljanda hafi þá skoðað plöturnar og enga óeðlilega lykt fundið af þeim. Vegna áskorana álitsbeiðanda hafi sölustjóri seljanda komið viku seinna með utanaðkomandi aðila, framleiðslustjóra hjá I, en það fyrirtæki hafi smíðað húsgögn og skápa úr MDF plötum í fjöldamörg ár. Framleiðslustjórinn hafi ekki getað fundið neina óeðlilega lykt af plötunum heldur talið lyktina vera eðlilega. Sama máli hafi gegnt með sölustjóra seljanda.

Vegna ítrekaðra kvartana álitsbeiðanda hafi seljandi leitað til óháðs aðila D trétækni ráðgjafa hjá E til að skoða plöturnar. Lýsir lögmaðurinn því hvað fram kom við skoðun D og við rannsókn á sýnishornum af plötunum í Svíþjóð. Hvorttveggja er rakið hér að framan.

Lögmaðurinn segir seljanda vilja benda á að á yfirstandandi ári hafi hann selt tæplega 30.000 m² af MDF plötum, allar frá sama birgja, og raunar hafi verið seldar plötur frá sama framleiðanda í mörg ár. Aldrei áður hafi verið kvartað vegna platanna. Seljandi telji ekkert benda til þess að meintur óþefur og óþægindi sem honum fylgi stafi af galla í plötunum. Allar rannsóknir bendi til annars. Seljandi hafni því sem ósönnuðu og ósönnu að þær plötur sem hann seldi álitsbeiðanda hafi verið gallaðar.

Lögmaðurinn tekur afstöðu til einstakra liða í skaðabótakröfu álitsbeiðanda og segir síðan eftirfarandi að lokum:

„Kærandi hefur sagt plöturnar vera gallaðar, óháð því hvað rannsóknir segi, þar sem lyktin ein eigi að vera sönnunargagn fyrir því að plöturnar séu gallaðar. Þó svo að allar rannsóknarniðurstöður séu neikvæðar breyti það engu fyrir kæranda þar sem það sé ekki hægt að búa við þessa lykt. ... Kærði getur ekki fallist á þetta. Samkvæmt niðurstöðu rannsókna eru plöturnar sjálfar ekki gallaðar. Hér virðist heldur vera um að ræða utanaðkomandi myglusvepp í húsakynnum kæranda, lökkun á plötunum eða annað sem veldur þeirri lykt sem kærandi finnur. Kærði ber hins vegar enga ábyrgð á þessu. Tjón

kæranda leiðir þá af myglusveppunum eða öðru en ekki af MDF plötunum. Kærða þykir að sjálfsgöðu miður að kærandi hafi orðið fyrir tjóni og óþægindum en ábyrgð kærða á tjóninu er algjörlega ósönnuð.“

VI

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram að lokið hafi verið viðbyggingu við húsið ári áður en plöturnar hafi verið keyptar og engin undarleg lykt hafi fundist í húsinu fyrir en plöturnar hafi komið þangað. Aðrar MDF plötur sem smíðað hafi verið úr í húsinu hafi verið keyptar í annarri verslun og engin óeðlileg lykt hafi fundist af þeim. Nú sé búið að fjarlægja allar plöturnar frá Y úr húsinu við það hafi lyktin farið. Því sé enginn vafi á að lyktin hafi fylgt plötunum en ekki húsinu. Sama lakk hafi verið notað á allar MDF plötur í húsinu. Engin lykt hafi verið af öðrum plötum en plötunum frá Y nema lykt af lakki þegar þær hefðu verið lakkadar en hún hafi horfið á nokkrum dögum. Lyktin hafi farið bæði í lakk á plötunum frá Y og sest í sílikon sem notað hafi verið til þess að kítta í öll sár á plötunum. Ástæðan fyrir því að smíði úr plötunum hafi ekki hafist fyrir en í janúar hafi verið sú að smíðir hafi ekki fengist fyrir til verksins. Þegar smíðinni hafi verið lokið hafi verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að loka lyktina inni. Þegar sú lykt sem komi af lakki og nýsöguðum viði hafi löngu átt að vera farið hafi álitsbeiðandi hringt í seljanda og þá hafi verið komið fram í mars. Plöturnar hafi verið illa lyktandi þegar þær komu í hús og geti margir staðfest það. Meðhöndlun málsins hafi tekið óviðunandi langan tíma hjá seljanda og þegar hann hafi ekki neitt viljað gera hafi álitsbeiðandi snúið sér til fagaðila. Lengi hafi þurft að bíða eftir niðurstöðum frá þeim. Allir aðrir en þeir sem seljandi hafi sent á staðinn hafi fundið óeðlilega lykt af plötunum. Þá verður að skilja athugasemdirnar svo að rannsóknir sem framkvæmdar voru á vegum seljanda telji álitsbeiðandi ófullnægjandi þar sem einungis hafi verið rannsakað hvort sveppur eða óeðlilega mikið formaldehyð hafi verið í plötunum sem gerðar séu úr mörgum tugum efna. Í athugasemdunum kemur fram að óhlutdrægni D er dregin í efa þar sem hann vinni fyrir seljanda og hafi hann viðurkennt að þær rannsóknir sem gerðar hafi verið í Svíþjóð séu ekki tæmandi. Plöturnar hafi því ekki verið rannsakaðar að fullu. Þá segir að rakamæling hafi verið framkvæmd hvarvetna í svefnherberginu og hafi það verið skraufapurrt. Þótt þeir sem skoðað hafi plöturnar á vegum álitsbeiðanda séu ekki sérfræðingar í MDF plötum hafi þeir allir fundið lykt. Þá skýrir álitsbeiðandi nánar í athugasemdunum einstaka liði skaðabótakröfu sinnar.

VII

Niðurstaða kærunefndar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.-3. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 48/2003 telst söluhlutur afhentur þegar neytandi hefur veitt honum viðtöku. Samkvæmt 14. gr. sömu laga flyst áhættan yfir til neytanda þegar söluhluturinn hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði 7. gr. laganna. Að því er galla á söluhlut varðar leiða framangreind ákvæði almennt til þess að sé söluhlutur gallaður þegar hann er afhentur ber seljandi ábyrgð á þeim galla. Eftir að afhending hefur farið

fram ber neytandi ábyrgð á söluhlutnum og meðferð hans og þar með þeim göllum sem af henni kunna að stafa. Neytandi ber hins vegar ekki ábyrgð á göllum á söluhlut sem sannanlega voru til staðar við afhendingu þótt þeir komi fram eftir að söluhlutur hefur verið afhentur.

Samkvæmt þessu lítur kærunefndin svo á að beiðnin um álit nái til þess hvort MDF plöturnar sem álitsbeiðandi keypti af Y hafi verið gallaðar við afhendingu og þeir gallar komið í ljós síðar með þeim hætti sem álitsbeiðandi lýsir.

Rétt er að taka eftirfarandi fram um skilgreiningu á galla samkvæmt lögum nr. 48/2003. Í 15. gr. laganna er kveðið á um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Segir þar m.a. í 1. mgr. greinarinnar:

„Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess.“

[...]

Í a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna segir að söluhlutur teljist vera gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. sem að hluta til hefur verið rakin hér að framan.

Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, jafnt skráðum sem óskráðum, verður sá sem heldur því fram að söluhlutur sé gallaður að sanna að svo sé og jafnframt hvert tjón hafi leitt af gallanum geri hann kröfu um bætur. Kærunefndin álitur að samkvæmt þessum reglum hvíli sönnunarbyrðin um galla og tjón á álitsbeiðandi í því tilviki sem hér um ræðir.

Álitsbeiðandi lét kaupa umræddar MDF plötur 20 talsins 10. október 2007 og sagaði seljandi þær niður að ósk hans. Álitsbeiðandi segir að um ca 500 niðursöguð stykki hafi verið að ræða. Samkvæmt reikningi seljanda sýnast plöturnar samanlagt hafa verið um 83 m² og tók sögunin 200 mínútur eða nokkuð á 4ðu klukkustund. Ekki kemur annað fram en plöturnar hafi verið fluttar í beinu framhaldi í húsið og verið geymdar þar innandyra þar til tekið var að smíða skápa úr þeim í janúar 2008. Samkvæmt þessu var efnið geymt í þrjá mánuði eða svo í húsinu. Álitsbeiðandi segir að engin undarleg lykt hafi fundist í húsinu fyrir en MDF plöturnar komu þangað en þær hafi verið illa lyktandi. Álitsbeiðandi kvartaði þó ekki við seljanda af þessum sökum. Af þessu ætti að vera hægt að draga þá ályktun að þótt lykt kunni að hafa fundist af plötunum á þessum tíma hafi hún ekki verið svo mikil að ástæða væri að ætla að eitthvað væri athugavert við þær eða lykt af þeim valdið sérstökum óþægindum og þá ekki óþægindum á borð við þau sem álitsbeiðandi hefur lýst að síðar hafi stafað af plötunum. Ekki er að sjá að á þessum tíma hafi neinn verið beðinn sérstaklega um að kanna þessa lykt en álitsbeiðandi segir að hana hafi þó margir fundið. Víst er að smíði skápa úr plötunum var engu að síður hafin og lokið í janúar 2008. Að sögn álitsbeiðanda unnu fjórir smiðir í viku að smíðinni. Ekki getur álitsbeiðandi þess að smiðirnir hafi orðið fyrir sérstökum óþægindum við smíðina en segir að skáparnir hafi verið lakkadír að nýju þar sem lykt af þeim hafi verið mjög megn. Það virðist því vera fyrst að eftir að smíðinni lauk, og plöturnar komnar á þann

stað í húsinu sem þeim var ætlaður, að lyktin hafi orðið með þeim hætti að hún olli íbúum hússins sérstökum óþægindum. Upp úr því voru ýmsir fengnir til þess að kanna lyktina og skoða aðstæður. Það er ljóst af gögnum málsins að mismunandi var hvort þeir fundu óeðlilega lykt af plötunum eða ekki. Sýnist sá munur vera í stórum dráttum á þann veg að þeir sem seljandi kvaddi til fundu ekki óeðlilega lykt af plötunum en þeir sem álitsbeiðandi kvaddi til fundu þess konar lykt. Seljandi tekur fram í andsvörum sínum að hann hafi í mörg ár selt frá sama birgja sams konar plötur og hann seldi álitsbeiðanda án þess að nokkrar kvartanir hafi borist þeirra vegna.

Eins og fyrr er greint frá hafa þær rannsóknir sem gerðar voru á sýnishornum af plötunum, annars vegar í Bandaríkjunum og hins vegar í Svíþjóð, ekki leitt í ljós að lyktin sem álitsbeiðandi kvartar undan stafi af þeim eða samsetningu þeirra. Í niðurstöðum sænsku rannsóknarinnar segir að áður fyrr hafi verið kjöraðstæður fyrir örsveppina á sýnatökustað en umhverfið nú orðið of þurrt til þess að þeir nái útbreiðslu en þetta bendi til gamallar skemmdar eða smits.

Verður að telja þessar rannsóknir, sem sannanlega voru framkvæmdar af óhlutdrægum aðilum haldbærustu gögnin í málinu, og breytir ekki gildi þeirra sú staðreynd að eflaust hefði verið hægt að rannsaka margt fleira plötunum viðkomandi en gert var.

Samkvæmt því sem að framan er rakið, einkum með tilliti til þeirra rannsókna sem fyrir liggja, treystir kærunefndin sér ekki til að byggja á því að nægar sannanir liggja fyrir um það, gegn andmælum seljanda, að sú lykt sem álitsbeiðandi kvartar undan stafi frá plötunum eins og seljandi afhenti álitsbeiðanda þær á sínum tíma. Er um þessa niðurstöðu og vísað til þess sem segir um sönnunarbyrði fyrr í þessum kafla álitsins. Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

Kærunefndinni þykir rétt að taka fram að niðurstaða hennar felur eðlilega ekki í sér afstöðu til þess af hverju lykt sú sem álitsbeiðandi kvartar undan geti stafað heldur einungis til þess að ósannað sé gegn andmælum seljanda að hún verði rakin til platanna eins og þær voru þegar seljandi afhenti álitsbeiðanda þær.

VIII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir